

Ed.

188. Nefndarálit

um frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað umsóknir þær, er fyrir þinginu liggja um veiting ríkisborgararéttar, og hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að taka til greina tvær umsóknir auk þeirra, sem þegar eru í frv. Önnur umsóknin, frá Höskuldi Þ. L. Þórhallssyni, lá fyrir í Nd., en vantaði þá hegningarvottorð. Hin umsóknin, frá Sigurði Sigurðssyni, hefir borizt eftir að Nd. afgreiddi frumvarpið. Aðrar umsóknir, er Nd. hafnaði, telur nefndin ekki rétt að taka til greina að svo stöddu.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með þessum

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. tölul. kemur:

Höskuldur Þórhallur Ladiger Þórhallsson tónlistarnemi í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.

2. Á eftir 2. tölul. kemur:

Sigurður Sigurðsson, nemandi í menntaskólanum í Reykjavík, fæddur í Danmörku.

Alþingi, 20. apríl 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskr., frsm.

Magnús Gíslason.